

Mánudaginn 5. desember 2022 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 18a/2022.

HRFÍ

Gegn X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 17. október 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærða hafi gerst brotleg við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 14.02.2022 kom í ljós að Miniature Poodle rakkinn A var ekki með gilda augnskoðun né hnéskeljavottorð fyrir pörun. Einnig var tíkin B ekki með gilda augnskoðun fyrir pörun, hnéskeljavottorð né DNA nðurstöður fyrir prcd-PRA.

Eigandi rakkans er X eigendur tíkarinnar eru XX

Í reglum um ættbókarskráningu kemur m.a. fram um POODLE, MEDIUM/MINIATURE/TOY að undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljaskoðun. DNA prófa skal undaneldishunda vegna prcd-PRA. Lámarsaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 17 október 2022 og henni gefin 4 vikna andmælafrestur. Engin andmæli bárust frá kærðu. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að para Poodle rakkann x án þess að fyrir lægi gild augnskoðun né hnéskeljavottorð.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 2.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn

Kærða hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja K. Magnúsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen

Selma Olsen